

FUNDARGERÐ	Tílefni fundar: Annar fundur allra vatnasvæðanefnda - Söfnun á upplýsingum um álag á vatnshlot v/álagsgreiningar fyrir næstu vatnaáætlun Íslands 2022 - 2027. Nokkrir fundir með vatnasvæðanefndum (ath. margar dagsetningar)		Síða: 1/5
Dags. funda:	Tími:	Staður:	Nr. Fundar:
9.4.2024 (vatnasv. 4) 11.4.2024 (vatnasv. 3) 16.4.2024 (vatnasv. 1) 17.4.2024 (vatnasv. 2) 19.4.2024 (vatnasv. 1) 23.4.2024 (vatnasv. 1) 24.4.2024 (vatnasv. 2) 13.5.2024 (vatnasv. 4) 28.5.2024 (vatnasv. 1) 4.6.2024 (vatnasv. 2)	9:30 - 15:00 9:30 - 14:30 10:00 - 15:00 9:30 - 14:00 11:30 - 14:00 9:00 - 10:30 9:00 - 14:00 13:00 - 15:00 9:00 - 11:30 13:00 - 15:00	Suðurlandsbraut 24, Reykjavík Selfoss Hvammstanga, Ráðhús Akureyri, Borgum Fjarfundur Fjarfundur Fjarfundur Fjarfundur Fjarfundur	2
Fundarboðandi: Marianne Jensdóttir Fjeld	Fundarritarar: Marianne Jensdóttir Fjeld, Hólmfríður Þorsteinsdóttir, Halla Einarsdóttir		


Efni funda

Umhverfisstofnun hélt stutta kynningu í upphafi fundanna þar sem fjallað var um álagsgreiningu og stöðuskýrslu sem stofnunin gaf út árið 2013 þar sem aðferðarfræði við álagsgreiningu var sett fram. Þar var álagi gefið vægi (einkunn) og vatnshlot flokkuð í þrjá flokka eftir því hversu líkleg þau væru til að ná ekki umhverfismarkmiðum (ekki í hættu, óvissu eða hættu). Í kynningum var farið yfir punktlosun, dreifða losun, vatnsformfræðilegt álag og vatnstöku. Á vinnufundunum var mestur fókus á fyrstu þrjá álagspættina.

Farið var markvisst yfir svæðin sem nefndirnar starfa á með loftmyndum, vatnavefsjá og staðbundinni þekkingu nefndarmanna. Notuð voru excel skjöl frá fyrri álagsgreiningu og farið yfir allt það álag sem skráð var í þau skjöl og bætt við álagi sem safnaðist saman við yfirferð hópsins. Gögnin verða notuð fyrir álagsgreiningu vegna næstu vatnaáætlunar.

Kynning sett inn á samstarfssvæði nefndanna í lok vinnulotu.

Þar sem vatnasvæðanefndinar ná yfir mjög stór landsvæði var ákveðið að brjóta nefndina niður í minni einingar/hópa til að ná nákvæmari og betri yfirferð. Nokkrir fundir voru haldnir í apríl, maí og júní (sjá dagsetningar).



Vegna þess að margir komu ekki á fundina var reynt eftir fremsta megni að finna annan fundartíma og bíta hópana í minni einingar. Í einhverjum tilfellum var eingöngu stuðst við yfirferð með heilbrigðiseftirlitum þar sem sveitarfélög tilnefndu ekki fulltrúa í nefndina þrátt fyrir óskir um tilnefningar frá Umhverfisstofnun, eða mættu ekki á boðaða fundi.

9.4.2024 - Vatnasvæðanefnd 4

Landsvæði sem fara átti yfir á fundi: Allt afmarkað svæði vatnasvæðisnefndar 4

Mættir: Marianne Jensdóttir Fjeld (UST), Hólmfríður Þorsteinsdóttir (UST), Halla Einarsdóttir (UST), Ása Hólmarsdóttir (Hvalfjarðarsveit), Halla Marta Árnadóttir (Akraneskaupstaður), Pétur Davíðsson (Skorradalshreppur), Hörður Þorsteinsson (HEF), Svava S. Steinarsdóttir (HER), Dóra Lind

Pálmarsdóttir (Mosfellsbær), Guðmundur Elíasson (Hafnafjarðarbær), Anna Karen Sigurjónsdóttir (Reykjanesbær), Jón Trausti Jónsson (HES), Einar Friðrik Brynjarsson (Suðurnesjabær)

Fjarverandi: Guðveig Eyglóardóttir (Borgarbyggð), Þróstur Aðalbjarnarson (Eyja- og miklaholtshreppur), Sigurbór Ingi Sigurðsson (Kjósahreppur), Helga Hvanndal Björnsdóttir (Seltjarnarnes), Jóhanna B. Hansen (Mosfellsbær), Örvar Jóhannsson (Mosfellsbær), Stella Stefánsdóttir (Garðabær), Pétur Davíðsson (Skorradalshreppur).

Athugasemdir: Kópavogsbær, Reykjavík, Vogar og Snæfellsbær hafa ekki tilnefnt fulltrúa í hópinn. Hópnum var skipt upp í þrjá minni hópa sem fóru yfir sitt landsvæðið innan afmörkunar vatnsvæðisnefndar 4. Yfirferð landsvæðis vatnsvæðanefndar 4 kláraðist og gekk vel. Fulltrúar heilbrigðiseftirlitssvæðanna voru í öllum hópum.

11.4.2024 – Vatnsvæðanefnd 3

Landsvæði sem fara átti yfir á fundi: Frá Hveragerði að Mýrdalsjökli ásamt uppsveitum og afréttum

Mættir: Marianne Jensdóttir Fjeld (UST), Hólmfríður Þorsteinsdóttir (UST), Halla Kjartansdóttir (Flóahreppur), Höskuldur Þorbjarnarson (Hveragerði), Bragi Bjarnason (Árborg), Jón Forni Snæbjörnsson (Bláskógarbyggð), Ásgerður Magnúsdóttir (Bláskógarbyggð), Gerður Stefánsdóttir (Skeiða- og gnúpverjahreppur), Ísleifur Jónasson (Ásahreppur), Tómas Haukur Tómasson (Rangárþing ytra) og Sigrún Guðmundsdóttir (HSL).

Fjarverandi: Hulda Kristjánsdóttir (Flóahreppur), Sigmar B. Árnason (Sveitarfélagið Ölfus), Smári B. Kolbeinsson (Grímsnes- og grafnishreppur), Daði Geir Samúelsson (Hrunamannahreppur), Brynja Sólveig Pálsdóttir (Hrunamannahreppur), Anton Kári Halldórsson (Rangárþing eystra).

Athugasemd: Landsvæðið austan Mýrdalsjökuls (Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur) verður skoðað sérstaklega með heilbrigðiseftirliti suðurlands á öðrum fundi þar sem ekki hefur tekist að fá tilnefningu frá þeim tveimur sveitarfélögum. Jafnframt ákveðið að halda sér fund með Sveitarfélaginu Hornafirði og heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST) á öðrum fundi.

16.4.2024 – Vatnsvæðanefnd 1

Landsvæði sem fara átti yfir á fundi: Húnaþing vestra, Húnabyggð, Skagabyggð, Skagaströnd og Skagafjörður.

Mættir: Marianne Jensdóttir Fjeld (UST), Hólmfríður Þorsteinsdóttir (UST), Unnur Valborg Hilmarsdóttir (Húnaþing vestra), Vignir Sveinsson (Skagabyggð), Arnar Þór Stefánsson (HNV), Pétur Arason (Húnabyggð), Sveinn Finster Úlfarsson (Sveitarfélagið Skagafjörður), Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir (Sveitarfélagið Skagaströnd).

Fjarverandi: Elín Ósk Gísladóttir (Húnabyggð), Hrefna Jóhannesdóttir (Sveitarfélagið Skagafjörður),

Athugasemd: Ákveðið að Vestfirðir og norðanvert Snæfellsnes/Dalabyggð fengi sér fund síðar.

17.4.2024 – Vatnsvæðanefnd 2

Landsvæði sem fara átti yfir á fundi: Norðurland (Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit, Þingeyjarsveit, Grýtubakkahreppur, Tjörneshreppur og Norðurþing). Ekki Austfirðir og Langanesbyggð.

Mættir: Marianne Jensdóttir Fjeld (UST), Hólmfríður Þorsteinsdóttir (UST), Kjartan Sigurðsson (Eyjafjarðarsveit), Aðalsteinn J. Halldórsson (Tjörneshreppur), Rut Jónsdóttir (Akureyrarbær), Leifur Harðarson (HNE), Margrét Melstað (Grenivík, Grýtubakkafjörður), Jóna Björg Hlökkversdóttir (Þingeyjasveit).

Fjarverandi: Brynhildur Bjarnadóttir (Eyjafjarðarsveit), Ásrún Árnadóttir (Hörgársveit), Bjarni Þór Guðmundsson (Svalbarðsstrandahreppur), Aldey Unnur Traustadóttir (Norðurþing).

Athugasemd: Enginn fulltrúi hefur verið tilnefndur af Dalvíkurbyggð. Farið yfir allt svæðið með mættum fulltrúum sveitarfélaga og heilbrigðiseftirlitsins. Ákveðið að fara síðar á öðrum fundi yfir Langanesbyggð og Austfirði.

19.4.2024 – Vatnasvæðanefnd 1

Landsvæði sem fara átti yfir á fundi: Norðanvert Snæfellsnes til Dalabyggðar

Mættir: Marianne Jensdóttir Fjeld (UST), Halla Einarsdóttir (UST), Þorsteinn Narfason (HEV), Ása Hólmarsdóttir (HEV) og Jakob Björgvin Jakobsson (Stykkishólmur).

Fjarverandi: enginn

Athugasemdir: Enginn fulltrúi hefur verið skipaður af Grundafjarðarbæ eða Dalabyggð

23.4.2024 – Vatnasvæðanefnd 1

Landsvæði sem fara átti yfir á fundi: Vestfirðir

Mættir: Marianne Jensdóttir Fjeld (UST), Halla Einarsdóttir (UST), Anton Helgason (HEVF) og Þórkatla S. Ólafsdóttir (Vesturbyggð).

Fjarverandi: Smári Karlsson (Ísafjarðarbær), Finnur Ólafsson (Kaldrananeshreppur), Hlynur Reynisson (HEVF), Bjarnheiður Júlía Fossdal (Árneshreppur), Hrefna Jónssdóttir (Reykholahreppur), Guðfinna Lára Hávarðardóttir (Strandabyggð).

Athugasemd: Fulltrúi Vesturbyggðar/Tálknafjarðarhrepps mætti á fundinn og því var sérstaklega farið yfir það svæði. Ákveðið að senda aftur tölvupóst á hópinn og finna fundartíma þar sem margir voru fjarverandi og höfðu ekki boðað forföll.

24.4.2024 – Vatnasvæðanefnd 2

Landsvæði sem fara átti yfir á fundi: Vopnafjarðarhreppur, Múlaþing, Fljótsdalshérað og Fjarðarbyggð

Mættir: Marianne Jensdóttir Fjeld (UST), Halla Einarsdóttir (UST), Helgi Gíslason (Fljótsdalshreppur, sveitarstjóri) kemur í stað oddvita sem forfallaðist, Lára Guðmundsdóttir (HAUST), Heimir Snær Gylfason (Fjarðabyggð).

Fjarverandi: Ásrún Mjöll Stefánsdóttir, Aron Leví Beck (Fjarðabyggð), Lárus Hreiðarsson (Fljótsdalshérað, tilkynnti forföll) og Axel Örn Sveinbjörnsson (Vopnafjarðarhreppur).

Athugasemd: Þar sem vantaði nefndarmenn frá Múlaþingi og Vopnafjarðarhreppi mættu ekki á fundinn þá var eingöngu farið yfir álag á Fljótsdalshéraði og Fjarðabyggð ásamt heilbrigðiseftirlitinu (HAUST). Langanesbyggð hefur ekki tilnefnt fulltrúa í nefndina. Reynt verður að finna fundartíma með Múlaþingi og Vopnafjarðarhreppi síðar.

13.5.2024 – Vatnasvæðanefnd 2

Landsvæði sem fara átti yfir á fundi: Sveitarfélagið Hornafjörður

Mættir: Marianne Jensdóttir Fjeld (UST) og Hólmfríður Þorsteinsdóttir (UST), Brynja Dögg Ingólfssdóttir (Sveitarfélagið Hornafjörður) og Lára Guðmundsdóttir (HAUST)

Fjarverandi: enginn

Athugasemd: engar

28.5.2024 – Vatnasvæðanefnd 1

Landsvæði sem fara átti yfir á fundi: Vestfirðir (nema sameinað sveitarfélag Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem búið var að fara yfir á fundi dags. 23.4.2024)

Mættir: Marianne Jensdóttir Fjeld (UST) og Hólmfríður Þorsteinsdóttir (UST), Anton Helgason (HEVF), Hlynur Reynisson (HEVF) og Hrefna Jónsdóttir (Reykhólahreppur).

Fjarverandi: Smári Karlsson (Ísafjarðarbær), Bjarnheiður J. Fossdal (Árneshreppur), Finnur Ólafsson (Kaldrananeshreppur) og Guðfinna Lára Hávarðardóttir (Strandabyggð, boðaði forföll)

Athugasemd: Þar sem enginn fulltrúi nefndar frá sveitarfélögum Ísafjarðarbæjar, Kaldrananeshrepps, Árneshrepps og Strandabyggðar kom á fundinn í annað sinn, var ákveðið að fara yfir afgang Vestfjarða með heilbrigðiseftirliti Vestfjarða (HEVF).

4.6.2024 – Vatnasvæðanefnd 2

Landsvæði sem fara átti yfir á fundi: Múlaþing og Vopnafjarðarhreppur

Mættir: Marianne Jensdóttir Fjeld (UST) og Hólmfríður Þorsteinsdóttir (UST), Glúmur Björnsson (HEF Veitur), Þórhallur Borgarsson (Múlaþing) og Lára Guðmundsdóttir (HAUST).

Fjarverandi: Axel Örn Sveinbjörnsson (Vopnafjarðarhreppur)

Athugasemd: Þar sem enginn fulltrúi nefndar frá sveitarfélagi Vopnafjarðarhrepps kom á fundinn var farið yfir það landsvæði með fulltrúa HAUST.